

Garðabær 09.05 2023

Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun í málefnum hönnunar og arkitektúrs fyrir árin 2023 - 2026 mál 978.

Bls 1

#### A. Verðmætasköpun

Hugleiðing: Verðmæti og tækifæri felast einnig í þekkingu og reynslu sem skapast hefur í aldanna rás.

Bls 4

#### D. Menntun framsækinnna kynslóða

Viðbót sem snýr að handverki.

#### „Samtímis er mikilvægt að viðhalda og efla handverksþekkingu“

Til að efla verðmætasköpun á Íslandi með hönnun og arkitektúr verði meðvitund um fagþekkingu hönnuða og arkitekta aukin og leitast við að tryggja að menntun þeirra og hæfni mæti áskorunum samfélagsins hverju sinni. Námsframboð, m.a. á sviðum símenntunar, sæti stöðugri endurskoðun og taki mið af örrri tækniþróun og eðli hönnunartengdra faga. Aukið verði úrval námsmöguleika á sviðum nýrri hönnunargreina þar sem vaxandi eftirspurn er eftir sérþekkingu, svo sem á sviði stafrænnar hönnunar, þjónustu- og upplifunarhönnunar og viðmótshönnunar. Samtímis er mikilvægt að viðhalda og efla handverksþekkingu. Unnið verði að því að auka þverfaglega nálgun í menntun, rannsóknnum og samstarfi.

Hugleiðing: handverksþekking er og verður mikilvægur hluti af hönnunarfaginu (byggingarlist, fatahönnun, vöruhönnun ...) það er mikilvægt að minnast á handverk í þingsályktuninni.

Bls 5

#### E. Kynning á íslenskri hönnun og arkitektúr

##### 15. Efla Hönnunarsafn Íslands

Markmið: Öflugt lifandi safn sem sinnt getur hlutverki sínu af fagmennsku og metnaði.

Framkvæmd: Fjölga starfsgildum úr tveimur og hálfu í fimm. Bæta við sérfræðingi í byggingarlist, markaðsmálum og safnfræðslu.

Ábyrgð: Hönnunarsafn Íslands, Menningar- og viðskiptaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Miðstöð hönnunar og arkitektúrs, fagfélög hönnuða.

Tímabil: 2023-2026

Sigríður Sigurjónsdóttir

Forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands





Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið  
Arkitekt Suðurgata 39 101  
Reykjavík (354) 570 13 00  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis

Reykjavík, 11. maí 2023  
MÍ202305-0069/ 0.00 / M.G.

## Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum hönnunar og arkitektúrs fyrir árin 2023 til 2026. 978. mál. Stjórnartillaga. – Umsögn

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis hefur sent Minjastofnun Íslands til umsagnar tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum hönnunar og arkitektúrs fyrir árin 2023 til 2026.

Minjastofnun vill benda á eftirfarandi atriði sem bæta mætti við þingsályktunartillögunum og greinargerð hennar eins og hún er lögð fram. Athugasemdir og viðbætur Minjastofnunar eru skáletraðar.

**María Gísladóttir**

maria@minjastofnun.is

*Vert er að benda á að á síðasta ári, 2022, gaf Minjastofnun Íslands út Stefnu 2022-2027 um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi (Hér eftir ný stefna MÍ). Efni stefnunnar og sú vinna sem liggur að baki skarast að mörgu leyti við efni og markmið þingsályktunartillögunnar sem nú er til umsagnar. Hér fyrir neðan er því ítrekað vísað til þessa skjals en finna má hlekk á stefnuna bæði í tölvupósti og í neðanmálgrein við þetta bréf.<sup>1</sup> Stofnunin hvetur til þess að tekið verði mið af stefnunni við endanlega gerð tillögunnar.*

Aðrar og sértækari athugasemdir fylgja hér fyrir neðan:

### C. Sjálfbærir innviðir

- Hönnunarhugsun og sérþekking hönnuða verði nýtt við þróun, viðhald, uppbyggingu og endurnýtingu innviða, þ.m.t. tæknilegra og félagslegra, til að stuðla að uppbyggingu sjálfbærra samfélaga.

### C.8. Heildstæð stefnumótun í mannvirkjagerð

<sup>1</sup> Minjastofnun Íslands. Stefna 2022-2027 um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi. Reykjavík, 2022:  
<https://www.minjastofnun.is/static/files/stefnumotun/fornleifar-og-byggingararf-2022-2027.pdf>

- Framkvæmd: *Ath. mikilvægi handverksþekkingar, aðferða og efnisvals við viðhald og endurgerð mannvirkja sem tilheyra íslenskum byggingararfi.*
- Samstarfsaðilar: *Minjastofnun Íslands*

#### C.9. Miðlægur rannsóknarvettvangur fyrir innviði

- Framkvæmd: *Ath. einnig endurnýtingu húsa og mannvirkja að hluta eða í heild, m.t.t. varðveislu vegna byggingarlistarlegs- eða menningarsögulegs gildis og ekki síst umhverfis- og sjálfbærni-sjónarmiða.*
- Samstarfsaðilar: *Minjastofnun Íslands*

#### D. Menntun framsækinnna kynslóða

##### D.10 Aukið framboð náms og endurmenntunar í hönnunargreinum.

- *Endurnýting og nýtt hlutverk eldri húsa - með varðveislu byggingarlistar, menningarsögulegs gildis og ekki síst umhverfissjónarmið í huga.*
- *Námsframboð um hefðbundið handverk og viðhald gamalla húsa.*
- Samstarfsaðilar: *t.d. Listaháskóli Íslands, tækniskólar, Minjastofnun Íslands*

##### D.11. Verndun, miðlun og rannsóknir á menningararfi íslensks arkitektúrs.

- Markmið: *Mikilvægt er að huga að vandaðri skráningu byggingararfsins, Í nýrri stefnu Minjastofnunar 2022-2027 er helst fjallað um hús og mannvirki sem falla undir lög um menningarminjar nr. 80/2012, þ.e.a.s. þau sem voru byggð fyrir 1923 (friðuð), milli 1924 og 1940 (umsagnarskyld) og þau sem hafa verið friðlýst.*

*Þar fyrir utan er Minjastofnun mjög áfram um að með einhverjum hætti verði haldið utan um yngri byggingarlist og mannvirki sem kunna að hafa listrænt, menningarsögulegt eða umhverfislegt gildi en sem ekki njóta verndar skv. lögum um menningarminjar. Þar má sem dæmi nefna höfundarverk helstu arkitekta og hönnuða en einnig ákveðna flokka, svo sem iðnminjar, samgönguminjar, herminjar og minjar sem tengjast samfélagslegum breytingum (svo sem sundlaugar, félagsheimili, opinberar stofnanir, útibú Pósts og síma, o.fl.). Með því að skrá yngri minjar með skipulegum hætti öðlast minjavarslan, skipulags- og byggingaryfirvöld betri yfirsýn yfir það sem helst er vert að varðveita úr hverjum flokki. Án þeirrar yfirsýnar er hættu á að minjavarslan verði handahófskennd og svífasein þegar taka þarf afstöðu í einstaka málum. Án slíkrar yfirsýnar*

og fyrirbyggjandi ákvarðanatöku er jafnframt hættu á að ekki náist að varðveita stóra hluta af byggingararfi okkar, þar sem hann fellur ekki undir nein verndunarákvæði skv. lögum.

- Hér væri gagnlegt að vísa einnig/frekar til nýrrar stefnu MÍ: „Stefna 2022-2027 um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi“ sem er sértækari en „Menningararfurinn – stefna um varðveislu og aðgengi“ þegar kemur að byggingararfinum.
- Framkvæmd: Slík þarfagreining hefur að miklu leyti þegar verið unnin og gefin út í nýrri stefnu MÍ sem umsögn þessi vísar ítrekað í.
- Samstarfsaðilar: Minjastofnun Íslands og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti. Borgarsögusafn Reykjavíkur, Árbæjarsafn og önnur byggðasöfn víða um land, áhugahópar, t.d. sögufélög eða önnur samtök, Arkitektafélag Íslands, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og e.t.v. fleiri.

Minjastofnun er reiðubúin til samráðs um frekari vinnslu tillögunnar, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Rúnar Leifsson  
forstöðumaður



María Gísladóttir  
arkitekt





Atvinnuveganefnd Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík 5. maí 2023

**EFNI: Umsögn frá Myndstef um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum hönnunar og arkitektúrs fyrir árin 2023–2026.**

Myndstef þakkar fyrir tækifærið að fá að veita umsögn um þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum hönnunar og arkitektúrs fyrir árin 2023-2026, sbr. þingskjal 1526, 978. mál.

Myndstef fagnar þeirri vinnu sem hefur farið í drög að nýrri stefnu í hönnun og arkitektúr, og þingsályktun um aðgerðir fylgir þeirri stefnu vel eftir. Það er löngu tímabært að stjórnvöld og íslenskt þjóðfélag marki sér skýra stefnu á þessu sviði, enda hafa skapandi greinar ekki búið við sama öryggi og önnur svið, sem er nauðsynlegt að bæta úr. Myndstef fagnar auknu samtali um sameiginlega sýn, stefnu og markmið og hvetur til áframhaldandi samtals um framkvæmd stefnu og aðgerðaáætlunar. Myndstef undirstrikar mikilvægi samþættingar áætlana og þess að sjónlistarfólk vinni saman að stefnum og málefnum alls fagsins og að ný stefna innan hönnunar og arkitektúrs taki mið af því að auka samstarf, samtal, skilning og samninga milli þessara hópa, og auki í sameiningu byr undir vængi höfundaréttar þessa skapandi fags. Hönnunartengd fög eru í eðli sínu kvik, og því mikilvægt að halda skilgreiningu á hönnun opinni og aðgengilegri, og að íslensk hönnunarstefna tali fyrir allri hönnun. Í dag eru mörkin á milli þess hvenær fagaðili er grafískur hönnuður, teiknari, myndlistarmaður, ljósmyndari eða annars konar sjónlistaraðili, orðin óskýrari en áður, og verða eflaust enn óskýrari með árunum.

Myndstef vill ítreka mikilvægi höfundaréttar fyrir hönnuði, og þá þátttöku og mikilvægi framlags hönnuða og arkitekta á íslenska menningu og listasögu, með skapandi framlagi sínu sem listamenn. Myndstef vill sérstaklega vekja athygli á að allir hönnuðir eru myndhöfundar og hagnýting hönnunar þarf að vera byggð á sanngirni, jafnræði og gagnsæi. Byggingarlist er einnig skilgreind sem listaverk sem nýtur verndar höfundarréttar, að þeim mörkum sem hún uppfyllir skilyrði höfundalaga. Skilningur á ferlum sem tengjast hönnunarfögum – hvort heldur sköpun, framleiðsla, dreifingu og / eða sölu fer vaxandi. Mikilvægt er að auka meðvitund og virðingu fyrir sköpun og höfundaréttavörðu efni og tryggja að fræðsla um höfundarétt taki mið af sérstöðu og fjölbreyttu starfsumhverfi hönnuða og arkitekta.

Hönnunartengd fög og nálgun er að finna víða og eru skapandi greinar, og þá einkum sjónlistir, farnar að marka sér mikilvægan sess í atvinnulífinu, í því mikla myndlæsi og þeirri gríðarlegu aukningu sjónrænnar framsetningar sem á sér stað í dag. Áskoranir samtímans kalla á aukna þverfaglega nálgun, bæði í samstarfi, samtali, menntun og þekkingu. Sjónlistir flæða á milli faga

og inn í alls konar önnur svið, múrar hafa verið teknir niður og samvinna og samstarf, skilningur og samkomulag orðið mikilvægara nú sem aldrei fyrr.

Að þessu sögðu er orðið enn mikilvægari en ella að fagið setji sér samræmdari vinnureglur og auki samtal sín á milli og gagnsæi. Jafnframt þarf að auka fræðslu fyrir hönnuði á markaðinum, svo notkun, sala, dreifing og önnur hagnýting á hönnun geti farið fram á sem allra skilvirkasta hátt, bæði hérlendis sem og erlendis. Hönnun þarf tíma. Hönnun þarf nægilegan stuðning og nægilegt fjármagn, og fjármagnsleiðir til að þróast. Þannig eykst samkeppnishæfi íslenskrar hönnunar, og hönnuður fær tól til að styrkja samningsstöðu sína á heimamarkaði, sem og erlendis. Ef íslenska hönnuði skortir þekkingu, reynslu eða upplýsingar til að standa vörð um réttindi sín, þá missa þeir af tækifærum til tekna vegna síðara afnota, og það verður erfiðara fyrir vikið að láta starf hönnunar vera aðal afkomuleið hönnuðar.

Hönnun á ekki að þurfa að vera hlutastarf.

Hönnuður þarf að finna fyrir starfsöryggi, það þarf að tryggja afkomu og arð af verkinu og að sá auður og arður rati í réttar hendur og verði þannig gulrót til margföldunaráhrifa. Hönnun er virðisaukandi, það hefur margsannað sig, og miðað við það opna upplýsinga- og neytendasamfélag sem við lifum við í dag þarf að tryggja að sá virðisauki, sá arður og hagnaður af framlagi hönnuðar og arkitekta, hvort sem hann er samfélagslegur, félagslegur eða fjárhagslegur, rati aftur til þess sem framlagið á, til að tryggja það að sá hinn sami fái þá viðurkenningu sem hann eða hún á skilið og geti þá haldi áfram á svipaðri braut. Ella er hætt við að framboð svari ekki eftirspurn, og að markaðurinn minnki aftur. Þarna skiptir höfundaréttur lykilmáli, og að höfundaréttur hönnuða og arkitekta sé virtur.

Að lokum vill Myndstef koma á framfæri eftirfarandi ábendingum um valda liði aðgerðaráætlunarinnar:

#### **4. Lög um málefni hönnunar og arkitektúrs.**

Myndstef fagnar því að greind verði þörf fyrir lagasetning á þessu sviði. Oft er þörf á skýrari lögum, en jafnframt mikilvægt að hafa í huga að einfalda regluverk. Mikilvægast er þó að skoða þetta vel, og samráð verði haft við hlutaðeigandi, sérstaklega ef gera á breytingar sem gætu breytt umhverfi hönnunar hérlendis, og leitt til ósamræmis við stöðu erlendra hönnuða.

Myndstef tekur undir mikilvægi þess að setja skýrar reglur hvað varðar starfsemi þeirra stofnanna sem fara með málefni hönnunar – og arkitektúr, og samræma þar reglur og auka gagnsæi. Myndstef lýtur sambærilegum lögum, þó mun strangari og formfastari, sbr. lög. nr. 88/2019 um sameiginlega umsýslu höfundaréttar, sem tóku gildi 1. janúar 2020 nema 32. gr. sem tók gildi 1. júlí 2022, einu ári eftir gildistöku dag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 186/2017. *EES-samningurinn*: XVII. viðauki tilskipun 2014/26/ESB.

Myndstef telur sérstaka þörf á að tryggja í lögum skyldu til viðhalds á hönnun og arkitektúr þegar um er að ræða sérstök menningarverðmæti. Allt of oft hafa opinberir aðilar látið hjá líða að sinna nauðsynlegu viðhaldi á hönnunarverkum, arkitektúr sem og listaverkum, sem hefur valdið því að menningarverðmæti hafa farið forgörðum. Þetta þarf að bæta.



### **10. Aukið framboð náms og endurmenntunar í hönnunargreinum.**

Að mati Myndstefs mætti auka verulega fræðslu á skólastigum um starfsumhverfi hönnuða, sköpun og verðmæti, samninga og framleiðslu, dreifingu hönnunar og jafnframt um höfundarétt. Myndstef hefur haldið kynningar í Listaháskólanum árlega, a.m.k. síðustu 7 ár, í hönnunar og arkitektúrdeild, sem hafa hlotið afar góðar viðtökur.

Myndstef telur þó mikilvægt að kennsla um samningagerð fari fyrir inn í framhaldsskólana, og eigi það að vera skyldufag innan skapandi faggreina þar einnig, þ.e. að tryggja að nemendur í skapandi greinum framhaldsskóla hljóti fræðslu um væntanlega þátttöku í atvinnulífinu, þá einkum hvað varðar höfundarétt og samningagerð, sbr. framleiðslu, dreifingu, kynningu og sölu á hönnun.

### **12. Fræðsla um höfundarétt og hönnunarvernd.**

Myndstef telur sérstaklega mikilvægt að efla fræðslu um höfundarétt og hönnunarvernd, ekki bara meðal höfunda, heldur einnig meðal almennings og viðskiptalífs.

Myndstef leggur til að skipaður verði starfshópur, sem gæti til að mynda verið skipaður aðilum frá Myndstef, MHA, framkvæmdasýslu ríkisins og aðilum úr atvinnulífinu, til að ramma inn og samræma ákvæði er lúta að samningum innan fagsins, og þá einkum er varðar samninga vegna höfundaréttar arkitekta, enda verulegir hagsmunir á báða bóga. MHA og Myndstef hafa áður unnið að gerð samningsdraga, sem eru nú aðgengilegar á heimasíðu MHA, en þyrfti að bæði uppfæra og kynna.

Að auki þyrfti að skilgreina betur aðgerðarlið er varðar fræðslu um höfundarétt til notenda (viðsemjenda, framleiðenda, dreifingaraðilar). Hér gæti verið gagnlegt að halda opna kynningarfundum eða fyrirlestra í samstarfi milli Myndstefs, MHA og Hugverkastofu.

Myndstef er tilbúið að veita liðsinni við fræðslu á sviði höfundaréttar.

Virðingarfyllst,  
Myndstef





Nefndasvið Alþingis  
b.t. atvinnuveganefndar  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 11. maí 2023

**Efni: Umsögn SI um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun í málefnum hönnunar og arkitektúrs fyrir árin 2023-2026, 978. mál, 154. löggjafarþing**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun í málefnum hönnunar og arkitektúrs fyrir árin 2023-2026, 978. mál, 154. löggjafarþing, 2022-2023. Samtökin fagna eindregið tillögunni og þeim aðgerðum sem lagðar eru til. Samtökin telja aðgerðirnar í góðu samræmi við *Stefnu hönnunar og arkitektúrs til 2030*. SI þakkar gott og faglegt samstarf við menningar- og viðskiptaráðuneytið við mótun bæði stefnunnar og þingsályktunartillögunnar.

Samtökin styðja þær aðgerðir sem fram koma í þingsályktuninni en vilja koma á framfæri einni athugasemd.

Samtökin óska eftir því að vera tilgreind sem samstarfsaðilar í *aðgerð 2: Skilgreining mælikvarða og virðisauka hönnunar*. SI hafa unnið með Hagstofu Íslands að því að móta mælikvarða hagtalna fyrir tækni- og hugverkaiðnað en innan þess iðnaðar má finna víðtæka notkun hönnunar á ýmsum sviðum. Skýr og samræmd hugtakanotkun þegar kemur að hagtölum atvinnugreina skiptir sköpum til þess að íslensk stjórnvöld, fyrirtæki og almenningur geti með skýrum hætti gert sér í hugarlund hverjar áskoranir og tækifæri eru í einstökum atvinnugreinum.

Skýr stefna og aðgerðir í hönnun og arkitektúr eru fagnaðarefni fyrir íslenskt samfélag en ljóst er að hönnun leikur sífellt stærra hlutverk við að nýta þau tækifæri sem felast í örúm tæknibreytingum. Samtökin taka undir það sem fram kemur í greinagerð með þingsályktunartillögunni, að með því að virkja fagþekkingu hönnuða og aðferðafræði hönnunar má hafa víðtæk jákvæð áhrif á þróun samfélagsins og framtíðarlífsgæði.

Samtökin hlakka til áframhaldandi samstarfs um eflingu hönnunar innan íslensks iðnaðar.

Virðingarfyllst,

Bjartmar Steinn Guðjónsson,  
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði

Nanna Elísa Jakobsdóttir,  
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði

Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 5. maí 2023

**Efni: Frumvarp til laga um um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012 (hámarksaldur heilbrigðisstarfsmanna ríkisins). (Mál nr. 987).**

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um hámarksaldur heilbrigðisstarfsmanna. Íslenska þjóðin stendur frammi fyrir þeirri áskorun að brýnn skortur er á starfsfólki í heilbrigðiskerfinu og fram undan eru enn stærri áskoranir með öldrun þjóðarinnar. Fæðingartíðni lækkar, meðalaldur hækkar og búast má við 128% fjölgun í aldurshópnum 70 ára og eldri á næstu 40 árum, á meðan örlítill aukning á sér stað í hinum hópnum. Óneitanlega er þessi þróun komin til af góðu enda gera framfarir í læknávisindum ásamt forvörnum og heilbrigðari lífstíl fólki kleift að lifa lengur. Ein afleiðing þess er þó sú að álag á heilbrigðiskerfið mun aukast samfara fjölgun í þessum elsta aldurshóp, sem eykur skort á heilbrigðisstarfsfólki að öðru óbreyttu.

**Eðlilegt að hækka hámarksaldur í takt við hækkandi meðalaldur**

Viðskiptaráð telur eðlilegt, sem hluta af viðbrögðum við þessari þróun, að hækka hámarksaldur heilbrigðisstarfsmanna. Þjóðin er að eldast hratt og meðalaldur Íslendinga hefur hækkað um fimm ár síðustu 30 ár. Fleiri búa lengur við betri heilsu en áður var og því hefur meðalævilengdin lengst um sex ár síðastliðin 40 ár. Allar líkur eru á að þessi þróun haldi áfram og spáir Hagstofa Íslands því að hlutfall lífeyrisþega á móti þeim sem eru starfandi muni að óbreyttu tvöfaldast og fara úr um 20% í 40% um miðbik aldarinnar. Það er því þjóðhagslega mikilvægt að veita fólki tækifæri til að starfa lengur.

Sú þróun sem hefur átt sér stað eykur möguleikann á aukinni þátttöku eldra fólks á vinnumarkaði. Ennfremur eru sterkar vísbendingar um jákvæð áhrif virkni á efri árum á bæði andlega og líkamlega heilsu. Mikilvægt er því að áframhaldandi atvinnuvirkni standi fólki til boða. Sveigjanleg starfslok heilbrigðisstarfsmanna stuðla einnig að því að heilbrigðiskerfið njóti sem lengst þeirrar sérþekkingar og færni sem sérfræðingar þar búa yfir.

Að því sögðu telur Viðskiptaráð mikilvægt að samhliða þessari breytingu sé fyrirkomulag uppsagnarverndar endurskoðað, því nauðsynlegt er að breyta því þunglamalega og tímafreka ferli sem áskilið er í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og tryggja meiri skilvirkni í starfsmannahaldi hins opinbera.

## Vandi Landspítala og heilbrigðiskerfisins í víðara samhengi


Viðskiptaráð vill þá nýta tækifærið og koma á framfæri hversu brýnt það er að stjórnvöld og löggjafinn taki á þeim vanda sem heilbrigðiskerfið stendur frammi fyrir.

Þegar litið er til nágrannalanda okkar má sjá að Ísland ver tiltululega lægri hluta vergrar landsframleiðslu í heilbrigðisútgjöld. Nauðsynlegt er þó að horfa til þess að meðalaldur íslensku þjóðarinnar er enn lægri en meðal Norðurlandþjóðanna. Svo dæmi sé nefnt er hlutdeild einstaklinga 65 ára og eldri um 20% af mannfjölda í Svíþjóð og 19,5% í Danmörku, samanborið við rúmlega 14% hér á landi. Þar sem heilbrigðiskostnaður fer stigvaxandi með hækkandi aldri hefur þetta áhrif á útgjöldin. Ef heilbrigðisútgjöld eru leiðrétt með tilliti til aldurssamsetningar má sjá að Ísland eyðir töluvert hærra hlutfalli af VLF í heilbrigðisútgjöld, eða 9,1%, en meðaltal Norðurlandþjóðanna að Íslandi undanskildu er 7,8%. Þá hefur ríkisstjórnin aukið árleg framlög til málaflokksins um yfir 100 milljarða frá því hún tók við árið 2017. Stóraukin framlög virðast þó ekki duga til að leysa vanda heilbrigðiskerfisins. Biðlistar lengjast og þjónustu er ábótavant, Landspítalinn hefur lýst yfir miklum vanda, og ljóst er að sá vandi mun ekki minnka með öldrun þjóðarinnar og þeim áskorunum sem henni fylgja.

**Með þetta í huga er ljóst að bregðast þarf við vaxandi heilbrigðiskostnaði á næstu árum og áratugum. Ráðið vill því nýta tækifærið og koma á framfæri áherslum sínum í málaflokknum sem sjá má í viðauka við umsögn þessa.**

Viðskiptaráð styður frumvarpið og að atvinnutækifæri séu tryggð fyrir þann hluta heilbrigðisstarfsmanna sem vill og er fær um að vinna lengur en lög segja nú til. Að því sögðu sér Viðskiptaráð ekki þörf á því að ákvæði frumvarpsins sé bráðabirgðaákvæði til fimm ára, og leggur því til að ákvæðið verði varanlegt. Að lokum telur ráðið mikilvægt að ítreka að grípa þarf til úrræða til að bregðast við þeirri stöðu sem komin er upp í heilbrigðiskerfinu í víðara samhengi.

Virðingarfyllt,



Agla Eir Vilhjálmsdóttir

Lögfræðingur Viðskiptaráðs

Viðauki:

## Hvernig má auka hagkvæmni?

Beita þarf nýrri nálgun til að takast á við áskoranir heilbrigðiskerfisins




### 1 Fjármagn fylgi notanda

Aðgreina þarf fjármögnun og rekstur

Öll eigum við að njóta nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu óháð efnahag og búsetu. Sá réttur á að vera tryggður með lögum um sjúkratryggingar.

Sjúkratryggingar virka þannig að íslenska ríkið greiðir fyrir þá þjónustu sem við þurfum, eða með öðrum orðum, kaupir þá þjónustu fyrir okkur. Sjúkratryggingum Íslands er falið að annast þessi innkaup af hálfu ríkisins, en gerir það þó eingöngu fyrir hluta heilbrigðiskerfisins.

Þannig hefur til dæmis þjónusta Landspítalans ekki verið „keypt“ af ríkinu í gegnum Sjúkratryggingar Íslands, þjónusta spítalans er á fjárlögum. Spítalinn fær þannig fast framlag óháð því hvaða þjónustu hann veitir.




# 1 Fjármagn fylgi notanda

Aðgreina þarf fjármögnun og rekstur

Með því að fjármagn fylgi notanda en ekki þjónustuveitanda fæst betri yfirsýn yfir heilbrigðisþjónustu sem ríkið kaupir fyrir okkar hönd.

Opinber útgjöld vegna heilbrigðismála færu þannig í meira mæli í gegnum Sjúkratryggingar Íslands. Fjárframlög til einstakra rekstraraðila myndu ekki byggjast á því hvert framlagið var í fjárlögum ársins áður, heldur samningum um magn og gæði þeirrar þjónustu sem viðkomandi aðili veitir. Þannig má auka hvata innan heilbrigðiskerfisins, auðvelda ákvarðanatöku og koma í veg fyrir sóun.



# 1 Fjármagn fylgi notanda

Aðgreina þarf fjármögnun og rekstur



## 2 Efla Sjúkratryggingar Íslands

Ekki er til staðar nægileg þekking til greiningar, samningsgerðar og eftirlits

Ef Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) eiga að geta samið um alla heilbrigðisþjónustu er þörf á að stórefla umgjörð stofnunarinnar.

Í úttektum á stofnuninni hefur komið fram að fyrirkomulag og vinnubrögð við innkaup SÍ séu afar óskýr og að ekki sé til staðar nægileg þekking til greiningar, samningsgerðar og eftirlits með samningum.

Til þess að tryggja að skattpeningar nýtist á sem bestan hátt og að gæði heilbrigðisþjónustu séu í hávegum höfð er nauðsynlegt að bæta úr þessari stöðu.

Sjá verður til þess að Sjúkratryggingar geti framkvæmt umfangsmiklar kostnaðar- og þarfagreiningar á heilbrigðisþjónustu, sem og annast eftirlit með samningum sem gerðir eru við þjónustuaðila.



### Skýrsla KPMG

- Alvarlegir annmarkar á núverandi kerfi
- Vinnubrögð og fyrirkomulag við innkaup óskýr
- Fagþekking hjá stofnuninni takmörkuð
- Skortir greiningar og kostnaðarmat við ákvörðun um innkaup



### Skýrsla Ríkisendurskoðunar

- Samningar í núverandi mynd tryggja ekki markviss kaup ríkisins á heilbrigðisþjónustu
- Lykilstofnanir vinni ekki saman á samhæfðan hátt, óeðlilegt að ráðuneytið geri samninga án aðkomu Sjúkratrygginga
- Fagþekking og greiningargeta ekki nægileg

## 3 Tryggja réttindi notenda

Skilgreina þarf á skýrari hátt hvaða heilbrigðisþjónustu hið opinbera ætlar að veita

Í dag liggur ekki fyrir skýr stefna hjá yfirvöldum um hvaða heilbrigðisþjónustu eigi að fjármagna.

Nauðsynlegt er að stefnumörkun fari fram hjá stjórnvöldum um hvaða heilbrigðisþjónustu hið opinbera ætli að veita með tilliti til samspils kostnaðar og ávinnings þjónustunnar fyrir sjúklinga.



Sjúkratryggingum yrði falið að semja við rekstraraðila um að sinna þjónustu sem veitt er innan þess ramma sem stjórnvöld ákveða út frá skýrum viðmiðum um gæði þjónustu og öryggi notenda.

Þá er mikilvægt að tryggja að notendur fái nauðsynlega þjónustu innan viðunandi tímamarka. Nágrannaríki okkar hafa mótað lausnir í þessum efnum sem líta mætti til.

## 4 Brjóta niður múra milli veitenda heilbrigðisþjónustu

Þjónustan snýst um notandann, ekki þann sem veitir þjónustuna






Samstarf einkaaðila og hins opinbera í heilbrigðisþjónustu hefur verið mikið í umræðunni og á því eru skiptar skoðanir. Á Íslandi á almenningur að hafa aðgengi að heilbrigðisþjónustu óháð efnahag, en sá misskilningur er útbreiddur að þjónustan þurfi þar með að vera rekin af hinu opinbera. Þá er algengt að hugtökunum einkavæðingu og einkarekstri sé ruglað saman. Það á ekki að skipta notandann máli hvort hann fái þjónustu frá hinu opinbera eða einkaaðila, heldur skiptir máli að tryggja honum þjónustu við hæfi, óháð rekstrarformi.

	Hvað er það?	Hver greiðir?	Dæmi um þjónustu
<b>Opinber rekstur</b>	Rekstur á vegum opinberra aðila	<ul style="list-style-type: none"><li>Fjárframlag frá hinu opinbera</li><li>Notandi greiðir að hluta til</li><li>Jafnt aðgengi fyrir alla</li></ul>	
<b>Einkarekstur</b>	Hið opinbera semur við einkaaðila um að veita ákveðna þjónustu fyrir sig samkvæmt kröfum um öryggi, aðgengi og gæði.	<ul style="list-style-type: none"><li>Fjárframlag frá hinu opinbera</li><li>Notandi greiðir að hluta til</li><li>Jafnt aðgengi fyrir alla</li></ul>	
<b>Einkavæðing</b>	Einkaaðili veitir tiltekna þjónustu án samnings við hið opinbera	<ul style="list-style-type: none"><li>Notandi greiðir</li><li>Ójafnt aðgengi</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Tannlækningar 18-67 ára</li><li>Sjúkraþjálfun án tilvisana<ul style="list-style-type: none"><li>Kíropraktor</li></ul></li></ul>

## 4 Brjóta niður múra milli veitenda heilbrigðisþjónustu

Norðurlöndin horfa í auknum mæli til samstarfs einkaaðila og ríkis í heilbrigðiskerfinu, á meðan við virðumst stefna í öfuga átt.

Samantekt á heilsugæslustöðvum

 Noregur	Meirihluti heilsugæslustöðva einkareknar
 Danmörk	Heilsugæslan alfarið einkarekin
 Svíþjóð	Blanda af einkareknum og opinberum heilsugæslustöðvum
 Finnland	Stóraukin þjónusta einkarekinnar heilsugæslu síðustu ár
 Ísland	Lítill hluti heilsugæsluþjónustu veittur af einkaaðilum





## 4 Brjóta niður múra milli veitenda heilbrigðisþjónustu


Samstarf einkaaðila og hins opinbera getur létt álagi af Landspítalanum

Á sama tíma og Landspítalinn er að þolmörkum kominn er verið að fela spítalanum viðbótarverkefni eða færa þjónustu til hans sem betur ætti heima annars staðar svo spítalinn geti einbeitt sér að bráðahlutverki sínu.

Greina þarf kjarna- og lykilstarfsemi spítalans frá annari starfsemi sem hægt væri að fela öðrum sem þegar eru reiðubúin að sinna heilbrigðisþjónustu. Þannig mætti léttja álagi af spítalanum svo hann geti einblínt á kjarnastarfsemi sína.

Á meðan biðlistar lengjast á Landspítalanum neita stjórnvöld að semja við einkaaðila innanlands um framkvæmd aðgerða. Miðað er við að viðunandi biðtími sé að 80% einstaklinga komist í aðgerð innan þriggja mánaða. Þetta hefur ekki staðist og hafa notendur heyðst til að sækja þjónustu erlendis, en lögum samkvæmt þurfa stjórnvöld að greiða þjónustuna vegna langs biðtíma.

Lengd biðlista eftir valkvæðum skurðaðgerðum hjá Landspítala<sup>1</sup>



## 5 Tryggja þarf að rekstraraðilar standi jafnfætis

Sníða þarf agnúa af fjármögnunarlíkani heilsugæslustöðva

Jákvæð skref hafa verið tekin til að tryggja jafnt aðgengi notenda að heilbrigðisþjónustu óháð rekstrarformi með innleiðingu fjármögnunarlíkans heilsugæslunnar. Þannig fylgir fjármagnnið sjúklingnum óháð því hvaðan hann fær þjónustuna.

Betur má ef duga skal. Sníða þarf agnúa af fjármögnunarlíkaninu sem valda því að einkaaðilar þurfa að standa undir viðbótarkostnaði sem opinberu aðilarnir gera ekki.

Þessa þætti þarf að hafa í huga þegar ráðast á í úrbætur á fjármögnun annarra þátta heilbrigðisþjónustu. Tryggja þarf að rekstraraðilar standi jafnfætis svo fjármögnunarkerfið komi ekki í veg fyrir að notendur fái sömu þjónustu óháð rekstrarformi.

Daemi: Fjármögnunarlíkan heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins	Jöfn staða	Ójöfn staða
<b>Jöfn greiðsluþátttaka ríkisins</b> - Sama fjármögnunarlíkanið	✓	
<b>Jafnt aðgengi notanda</b> - Sama komugjald	✓	
<b>Verð á rannsóknum hjá LSH</b> - LSH rúkkar einkareknar stoðvar um 30% hærra verð		✗
<b>Tryggingaumhverfi</b> - Opinberar heilsugæslustöðvar þurfa ekki að kaupa tryggingar		✗
<b>Endurgreiðsla virðisaukaskatts</b> - Opinberar heilsugæslustöðvar geta fengið endurgreiðslu á vsk.		✗
<b>Skólaheilsugæsla</b> - Nýjar einkareknar heilsugæslustöðvar hafa ekki fengið að sinna skólaheilsugæslu		✗

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. maí 2022

## Umsögn ÖBÍ um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum hönnunar og arkitektúrs fyrir árin 2023-2026

ÖBÍ réttindasamtök fagna því að lögð sé fram aðgerðaáætlun í málefnum hönnunar og arkitektúrs. Mikil þörf er á að auka þekkingu á inntaki og framkvæmd algildrar hönnunar meðal arkitekta og hönnuða, meðal annars með aukinni áherslu í námi og endurmenntun.

ÖBÍ leggur áherslu á að í áætluninni sé aðgerð um að efla kennslu algildrar hönnunar í námi hönnuða, arkitekta, iðnaðarfólks, byggingafræðinga og verkfræðinga. ÖBÍ leggur enn fremur áherslu á að í áætluninni sé aðgerð um að útbúa kennsluefni og leiðarvísa um útfærslu hönnunar og framkvæmdar til að uppfylla sem best skilyrði algildrar hönnunar.

Hugmyndafræði algildrar hönnunar felur í sér að ávallt skuli frá fyrstu drögum hönnunar horfa til þess að hún nýtist því fólki sem helst á í hættu að verða útundan og þannig nýtist hún öllum betur en ella. Það er alltaf flókið og kostnaðarsamt að laga það sem miður fer, ef það yfirhöfuð er mögulegt. Algild hönnun á ekki að þurfa aðlögunar við.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) verður lögfestur á yfirstandandi kjörtímabili samkvæmt stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, en samkvæmt 2. gr. SRFF merkir algild hönnun „hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlana og þjónustu, sem allt fólk getur nýtt sér, að því marki sem mögulegt er, án þess að koma þurfi til umbreyting eða sérstök hönnun. Algild hönnun“ á ekki að útiloka hjálpartæki fyrir tiltekna hópa fatlaðs fólks, þar sem þeirra er þörf.“

Algild hönnun er góð hönnun sem fellur undir viðeigandi ráðstafanir sem þarf að gera til að „gera fötluðu fólki kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt á öllum sviðum lífsins skulu aðildarríkin gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja fötluðu fólki aðgengi, til jafns við aðra, að efnislegu umhverfi sínu, samgöngum, upplýsingum og samskiptum, þ.m.t. samskiptatækni og

*-kerfi og að annarri aðstöðu og þjónustu sem opin er eða veitt almenningi hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli.“*

[Samstarfsyfirlýsing um bættu upplýsingagjöf um algilda hönnun var undirrituð þann 5. maí 2022](#) var undirrituð þann 5. maí 2022 af forsvarsmönnum ÖBÍ, Arkitektafélags Íslands (AÍ), Félags íslenskra landslagsarkitekta (FÍLA), Félags húsgagna- og innanhússarkitekta (FHI), Byggingafræðingafélags Íslands (BFÍ) og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS).

Við það tilefni sagði Sigríður Maack formaður AÍ að gæði í arkitektúr samanstandi af þremur þáttum, hinu haldbæra, hinu nothæfa og hinu fagra. Ef einhvern þessara þátta vantar, þá væru gæði ekki til staðar.

Ef hönnun er ekki algild þá er hún vart haldbær, illa nothæf og hugsanlega ekki fögur. Algild hönnun er góð, og góð hönnun er algild.

*Ekkert um okkur án okkar!*

Með vinsemd og virðingu,

Þuríður Harpa Sigurðardóttir  
formaður ÖBÍ

Stefán Vilbergsson  
verkefnastjóri

1)